

5. gr.

73

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaförða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

15. júlí

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

9. gr.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 2. júní 1933.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júlí 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

74

17. júlí

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 frá 5. maí 1906.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 frá 5. maí 1906, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samþykkt.

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á götur og svæði, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sér matarleifum, rusli, skolpi, hræjum eða öðrum óhreinindum. Í ræsi — hvort sem eru neðanjarðar lokræsi eða ofanjarðar göturæsi — má eigi kasta neinu því er stíflað

74 getur vatnsrás. Sorp, slor, matarleifar, aska og önnur óhreinindi, skulu látin í sér-
 17. júlí stök lokuð ílát, er fylgja skulu hverju húsi, og ákveður heilbrigðisnefnd tölu ílát-
 anna fyrir hvert einstakt hús. Ílát þessi útvegar bæjarstjórn, gegn endurgjaldi frá
 húseigendum. Bærinn annast um losun ílátanna án endurgjalds.

Meðan fiskverkun er leyfð á lóð kaupstaðarins, skal hún háð sérstöku effir-
 lití heilbrigðisnefndar, og fari að öllu leyti fram á þann hátt, er hún skipar fyrir.

Hey, hálm, þang, mykju, mó, mold eða annað þess háttar, sem slæðist niður
 eða hrynur niður við flutning um götur eða svæði, sem almenningur fer um, skal
 sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samstundis. Annars eiga ílát þau,
 sem áburður er fluttur í, að vera lokuð, og svo þétt, og eigi fyllri en svo, að ekki
 hrynji úr þeim, meðan á flutningi stendur.

2. gr.

22. gr. orðist svo:

Slógi, hausum og öðrum fisúrgangi má eigi kasta í sjóinn; skal því safnað í
 þar til gerð ílát, er flytja skal burtu samdægurs, á þá staði, sem heilbrigðisnefnd
 segir fyrir um.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. júlí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

75

23. júlí

REGLUGERÐ

um fiskumbúðastriga.

Samkvæmt lögum nr. 92, 3. maí 1935 um meðferð, verkun og útflutning á
 sjávarafurðum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um notkun og sölu striga
 (Hessian) í fiskumbúðir.

1. gr.

Umbúðastrigi um saltfisk sé ofinn úr hampi (jute) eða öðru ekki óstyrkara
 efni. Striginn má ekki vera lakari en það, að hver fermetri vegi að minnsta kosti
 230 grömm, og að ekki minna en 3,8 þræðir komi á hvern cm. í lengd og breidd
 vefsins.

2. gr.

Þeim, sem flytja inn fiskumbúðir, er skylt að láta löggiltan fiskimatsmann
 athuga hverja sendingu, og setur hann löggildingarmerki á hverja strigarúllu, sem
 er hæf til umbúða samkvæmt 1. gr. Merkið litur þannig út: